



Umsögn Sveitarfélagsins Hornafjarðar

Drög að frumvarpi til laga um breytingu á lögum nr. 145/2018 um veiðigjald

Mál nr. S-62/2025 – Önnur umsögn

1. Skortur á raunverulegu áhrifamati á sveitarfélög

Sveitarfélagið vill halda til haga að þrátt fyrir lagaskyldu samkvæmt 129. gr. sveitarstjórnarlaga hefur ekki verið lagt mat á fjárhagsleg áhrif frumvarpsins á sveitarfélög. Greining KPMG fyrir Samtök Sjávarútvegssveitarfélaga sýnir skýrt að áhrifin af hækkun veiðigjalda eru mun víðtækari en fram kemur í frumvarpinu sjálfu. Um 90% af væntri hækkun veiðigjalda falla á fyrirtæki með heimilisfesti í aðeins átta sveitarfélögum, en starfsemi þessara fyrirtækja og útsvar þeirra dreifist mun víðar.

2. Skekkja í mati stjórnvalda á byggðalegum áhrifum

Í greinargerð frumvarpsins segir að breytingarnar hafi „óveruleg áhrif á byggðarlög þar sem sjávarútvegsfyrirtæki eru staðsett“. Þetta stenst ekki skoðun. Greining KPMG sýnir að í fjölmörgum sveitarfélögum – s.s. Vopnafirði, Langesbyggð og Grýtubakkahreppi – gæti hækkun veiðigjalda haft bein áhrif á allt að 40–50% af útsvarstekjum sveitarfélaga. Slíkt grefur undan fjárhagslegri sjálfbærni og stöðugleika þessara byggðarlaga.

3. Áhrif á byggðafestu og samfélagsþróun

Hækkun veiðigjalda getur haft víðtækari samfélagslegar afleiðingar en útreikningur reiknistofns gefur til kynna. Ef dregið verður úr fjárfestingu, starfsemi eða fjölda starfa getur það haft keðjuverkandi áhrif á íbúafjölda, fasteignaverð, þjónustustig og félagslegan þrýsting í viðkomandi sveitarfélögum.

4. Áhrif í Hornafirði

Í Hornafirði er sjávarútvegur önnur burðarstoðin í atvinnulífinu. Hann er kjölfesta atvinnulífsins á Höfn en einnig í rekstri sveitarfélagsins. Fjárfesting í sjávarútvegi í sveitarfélaginu er gríðarleg hvort sem það er í mannauði, vinnslu, tækjakosti, aðstöðu, sjálfbærni eða samfélaginu – nærri tíu milljarðar um þessar mundir. Hækkun veiðigjalds mun að óbreyttu hafa víðtæk áhrif hér, bæði á rekstur sveitarfélagsins og langt út fyrir hann.

5. Þörf á skrefaskiptri innleiðingu og samtali

Sveitarfélagið leggur áherslu á að verði ráðist í hækkun veiðigjalda þá verði það gert í áföngum til að draga úr skyndilegri röskun á atvinnulífi og tekjugrunni sveitarfélaga. Einnig er nauðsynlegt að hefja málefnalegt samtal og samráð við sveitarfélög um áform stjórnvalda, í samræmi við stefnu ríkisstjórnar um bætt samskipti við sveitarstjórnarmál.

6. Lokaorð og tillögur

Sveitarfélagið Hornafjörður skorar á stjórnvöld að:

- fresta frekari afgreiðslu frumvarpsins þar til ítarlegt áhrifamat liggur fyrir
- tryggja samtal og samráð við sveitarfélög áður en ákvörðun er tekin



SVEITARFÉLAGIÐ
HORNAFJÖRÐUR

- innleiða breytingar í þrepum ef til þess kemur, til að verja byggðafestu og atvinnulíf á landsbyggðinni

Í ljósi ofangreinds telur sveitarfélagið að frumvarpið, í núverandi mynd, fullnægi hvorki kröfum um lög og góðar stjórnsýsluvenjur né stuðli að jafnvægi í byggðapróun á Íslandi.

Fyrir hönd Sveitarfélagsins Hornafjarðar
Sigurjón Andrésson bæjarstjóri